

FORSETABRÉF

65

7. des.

um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 80. löggjafarþings, frá 7. desember 1959, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 28. janúar 1960.

Gjört í Reykjavík, 7. desember 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

66

15. des.

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1960.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til febrúarloka 1960 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða í samræmi við ákvæði fjárlaga 1959 öll venjuleg rekstrargjöld ríkisins og önnur gjöld, er talizt geta til venjulegra fastra greiðslna þess, þótt ákveðin séu og heimiluð til eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1960.

Gjört í Reykjavík, 15. desember 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.